

SAGA2MF05

Búið til: Thu, 15 May 2014 17:46:55 GMT

Titill

Þættir úr mannkynssögu fram að 1800

Skammstöfun

SAGA2MF05

Útgáfunúmer

9

Námsgrein

saga

Viðfangsefni

mannskynssaga til 1800

Staða

Samþykkt af skóla

Þrep

2

Einingafjöldi

5

Tillaga að bókstöfum/tölustöfum skóla

Lýsing

Þar sem þetta er fyrsti sagnfræði áfangi nemenda á framhaldsskólastigi er höfuðáhersla lögð á að kynna nemendur fyrir sögu sem námsgrein og fræðigrein. Markvisst er unnið að því að kynna fyrir nemendum mismunandi tegundir heimilda og þjálfar þá í notkun þeirra og einfaldri framsetningu efnis. Lögð er áhersla á að sýna fram á hvernig sagan birtist nemendum í nútímanum. Helstu efnisþættir áfangans verða: Fornöldin og arfur hennar í dag: yfirlit yfir fyrstu samfélög manna, trúarbrögð þeirra og menningu, grísk menning, stjórnaðhættir, goðaheimur, heimspeki listir og leiki og Rómaveldi, stjórnaðhættir, goðaheimur, lýðveldistíminn og keisaratíminn. Menningarheimur Miðalda: upphaf kristinnar Evrópu, Íslam og múslimar, Ísland á miðöldum og síðmiðaldir: Kreppa og plága Ný Heimsmynd: siðaskiptin í Evrópu og á Íslandi, endurreisnin, landafundir og vísindabylting og Upplýsingin

Forkröfur

Inngangur að félagsvísindum

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- mismunandi skeiðum mannkynssögunnar
- ýmsum sviðum og hluttakendum sögunnar, menningu og hugarfari, hversdagslífi og stjórnum, einstaklingi og samfélagi, tækni og vísindum

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- afmarka söguleg málefni, greint meginþætti og álitamál, leitað eftir mismunandi sjónarhornum, lýst málinu og gefið álit sitt
- leita samhengis og tengsla milli tímabila, svæða og sviða
- í að nýta sér birtingarform sögunnar: kennslubækur, handbækur, fræðirit, myndefni og internetið

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- sjá sögu Íslands í samhengi við sögu Norðurlanda, Evrópu og heimsins
- gera sér grein fyrir gildi og afstöðu sögulegrar frásagnar og skýringa

- fá lifandi áhuga á fjölpætttri sögu

Námsmat

Í áfanganum er viðhaft leiðsagnarmat með símati alla önnina. Öll verkefni gilda til einkunnar og þess vegna er það mikilvægt að nemendur stundi námið reglulega.

Skólar**Fyrirmynd**